

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs 27. mars 2019.

Fundur haldinn kl. 17.00 í Lykkju í Borgartúni 12-14

Mættir: Líf Magneudóttir, formaður, Þorvaldur Örn Árnason, Þórður Ingi Bjarnason, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurgestur Gíslason, Guðmundur Grétar Karlsson, Margrét Pálsdóttir og Andri Steinn Hilmarsson.

Einnig sátu fundinn René Biazzone og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Leyfi til að taka leir í Seltúni

Lagt fram bréf Hörpu Dísar Hákonardóttur dags. 25.03. sl. varðandi ósk um að fá að taka 40 kg af leir í jaðri jarðhitasvæðisins í Seltúni til að nota í útskriftarverk í myndlistardeild í Listaháskólanum.

Stjórnin vill þakka Hörpu Dís fyrir að hafa samband en beinir erindinu til Umhverfisstofnunar sem metur hvort erindið sé leyfis skylt. Stjórnin óskaði eftir að verða upplýst um framgang málsins.

2. Samvinnusamningur um Reykjanesfólkvang

Rætt um gerð samvinnusamnings aðildarsveitarfélaga fólkvangsins, hvað slíkur samningur ætti að fjalla um og mögulegar fyrirmyndir að slíkum samningi. Lagt til að safnað verði saman mögulegum spurningum sem þyrfti að svara varðandi innihald samnings og vinna með á vinnufundi og ferð í maí. Ákveða þarf tímasetningu fundar/ferðar sem fyrst.

3. Aðgerðaáætlun vegna lúpínu

Lögð fram endurskoðuð aðgerðaáætlun vegna takmörkunar á útbreiðslu lúpínu. Samþykkt að senda aðgerðaáætlunina sem minnisblað og óska eftir stuðningi við málið til Hafnarfjarðar, Grindavíkur, Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Minnisblaðið verður einnig sent með fundargerð.

4. Ástand gönguleiða ofl.

GGK opnaði umræðu um ástand á merkingum gönguleiða í fólkvanginum sem er víða áfatt. Í framhaldi af því var umræða um hvar mætti afla styrkja til aðgerða og hvaða takmarkanir gætu verið á því t.d. þörf á skipulagi. Fram kom að ýmis svæði í fólkvanginum hafa fengið og eru að fá styrki úr framkvæmdasjóði ferðamála og úr innviðasjóðnum, Seltún, Krýsuvíkurborg, Leiðarendi og Búrfellsgjá með umsóknum frá sveitarfélögunum. Fara þarf betur yfir hvaða möguleikar eru varðandi styrki og fá betri yfirsýn yfir núverandi aðgerðir í fólkvanginum.

Áætlað er að hafa vinnufund og ferð í maí

Fundi slitið kl. 18:10